

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 2.4.2024
UST202401-327/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir nr T0170

Umhverfisstofnun bárust þann 2. apríl sl. þykktarmælingar á einum geymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Geymirinn hefur fastanúmerið T0170 og eigendanúmerið 101.01.00 í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey, Reykjavík. Geymirinn er standandi stálgeymir en ekki kemur fram í skýrslunni hvert smíðaár hans sé.

Þykktarmælingar framkvæmdi Andri Haraldsson hjá HB tækniþjónustu ehf., þann 25. mars 2024. Notaður var Krautkrämer DM5 þykktarmælir, 5MHz og 2MHz, serial nr. DM5EG1603025. Kvörðunarklossar mælisins voru á bilinu 5 - 16 mm. Voru allar plötur í gólfi mældar ásamt fyrstu plöturnöð í hliðarbyrði.

Fram kemur í skýrslu nr. 240318 frá HB tækniþjónustu ehf., að ástand fyrstu plöturaðar á belg sé gott. Að stöku pyttir séu í gólfi en að málning sé órofin og því hafi ekki verið gerðar sérstakar mælingar á einstaka pyttum. Engar verulegar þynningar hafi komið fram við mælingar og segja megi að ástand geymisins sé gott í heildina séð.

Meðfylgjandi er skýrsla HB tækniþjónustu ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri